

Skattstjórinn í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 130/80

komudagur 6.11.2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2003

Með bréfi efnahags og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 15. október 2003, var óskað eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, 88. mál.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á viðmiðunarfjárhæðum laganna þannig að fjárhæðir hækki í samræmi við verðlagsforsendur, breytingar á útreikningi vaxtabóta, að ákvæði um alþjóðleg viðskiptafélög verði felld niður og að sérstakur tekjuskattur verði framlengdur. Ekki er ástæða til athugasemda varðandi þessar breytingar. Auk þess eru lagðar til „*nokkrar minni háttar breytingar er varða framkvæmd laganna*“, sbr. orðalag í inngangi athugasemda frumvarpsins. Ástæða þykir til að fjalla um þær breytingar sem lagðar eru til í 10. gr. frumvarpsins.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003. Þar er gert ráð fyrir að í þeim tilvikum, þegar skattaðili skv. I. kafla laganna er búsettur í öðru umdæmi en samrekstraraðili eða lögaðili sem hann er í fyrirsvari fyrir, sé heimilt að víkja frá meginreglunni um framtals- og skattlagningarstað. Fram kemur í athugasemdum að tilgangur sé að draga úr þeim örðugleikum sem kunní að skapast við álagningu, skattendurskoðun og skatteftirlit þegar atbeina tveggja skattstjóra sé þörf að sama málinu.

Á síðustu árum hefur orðið mikil fjölgun félaga. Með lögum nr. 133/2001, sem breyttu lögum nr. 75/1981, sbr. nú lög 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, var einstaklingum heimilað að færa einkarekstur sinn yfir í einkahlutafélög. Síðastnefnd breyting kallaði m.a. á hert eftirlit með reiknuðu endurgjaldi eigenda, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laganna, en auk þess hefur þessi þróun leitt til þess að skattendurskoðun og skatteftirlit hefur í síauknu mæli beinst að félögum og eigendum þeirra. Sama atvinnusvæðið getur t.d. fallið undir tvö eða jafnvel þrjú skattumdæmi. Í þeim tilvikum þegar félagið og eigandinn eru ekki í sama umdæmi er allt eftirlit og breytingar mjög þungt í vöfum. Að slíkum málum þurfa að koma tveir, eða jafnvel þrír skattstjórar, svo sem þegar félag er skráð í Reykjavík, en eigendur eiga lögheimili á Reykjanesi og Akranesi.

Hér má einnig nefna starfssambandsmál, þ.e. þegar skoða þarf hvort um sé að ræða verktaka eða launþega. Í því tilviki þarf að breyta báðum aðlunum, þ.e. einstaklingnum og félaginu. Skattframkvæmd verður mun skilvirkari ef slík mál eru unnin samhliða hjá sama skattstjóra. Þegar gerðar eru breytingar hjá starfsmönnum ákveðins lögaðila, t.d. vegna launatengdra hlunninda, verður framkvæmdin mun markvissari og skilvirkari, auk þess sem telja verður að samræmingar- og jafnræðissjónarmið mæli með því að slík mál séu unnin af sama skattstjóra.

Skattstjórinn í Reykjavík

Mjög brýnt er því að auka heimildir ríkisskattstjóra til þess að færa verkefni milli skattumdæma. Ég tel að sú breyting á 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 sem hér er lögð til sé ekki nægilega rúm. Lagaákvæðið þarf að ná til þess að heimilt sé að færa í sama umdæmi félag, eiganda þess og skyldmenni hans og einnig félög sem hann á. Lagaákvæðið þarf einnig að veita ríkisskattstjóra heimild til að breyta framtals- og skattlagningarstað þegar fjallað er um starfssambandsmál þannig að launagreiðandi og viðkomandi starfsmaður séu afgreiddir samhliða, svo og þegar skoðuð eru hlunnindi og arðgreiðslur. Einnig þarf ákvæðið að ná til aðila, einstaklinga og lögaðila, sem eiga viðskipti sem falla undir 57. gr. laganna um óvenjuleg skipti í fjármálum og til skatteftirlits innan tekjuársins (sam tímaeftirlits). Þá þarf að gera samsvarandi breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Virðingarfyllst



Gestur Steinþórsson